Nr. 654 17. maí 2024

# AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

*Hafnarstræti milli Kaupvangsstrætis og Ráðhústorgs – Umferð vélknúinna ökutækja óheimil.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd bæjarins:

Sá hluti Hafnarstrætis sem í daglegu tali er kallaður Göngugatan og liggur milli Kaupvangsstrætis í suðri og Ráðhústorgs í norðri, verði lokaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja allan sólarhringinn í júní, júlí og ágúst sumarið 2024. Aðgengi verður tryggt fyrir P-merkta bíla og ökutæki viðbragðsaðila allan sólarhringinn og fyrir aðföng rekstraraðila á milli klukkan 07.00-10.00.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 17. maí 2024,*

**Einar Sigþórsson** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 3. júní 2024